



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Flóahreppur
Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri
Þingborg 801 Selfoss

Reykjavík, 27. ágúst 2025
Tilvísun: 1057 / 202410-0092

Austur-Meðalholt í Flóa, undirbúningur friðlýsingar


Minjastofnun Íslands hefur ákveðið að hefja undirbúning tillögu til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að friðlýsingu búsetulandslags að Austur-Meðalholtum í Flóa með húsum og minjum á bæjarhólnum og í næsta nágrenni hans. Þann 7. nóvember 2024 var tillagan lögð fyrir fund húsafríðunarnefndar sem styður friðlýsingartillöguna. Samkvæmt 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 má friðlýsa þau hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.

Lagt er til að friðlýsing búsetulandslags að Austur-Meðalholtum í Flóa taki til bæjarhóls með uppistandandi bæjarhúsum og tóftum ásamt heimatúni sunnan bæjarhólsins og túngarði, þar sem hann sést, meðfram vestur-, austur- og suðurhlíðum heimatúnsins. Innan túnsins eru tveir minjastaðir, brunnur og rústir kartöflukofa. Í norðausturhorni hins friðlýsta svæðis eru fjárhúshlaða og hesthús sem eru tekin með í friðlýsinguna. Mörk þess svæðis sem friðlýsingin tekur til eru teiknuð inn á loftmynd sem fylgir með friðlýsingartillögunni ásamt hnitaskrá. Hið friðlýsta svæði að Austur-Meðalholtum er undanskilið ákvæði 22. gr laga nr. 80/2012 um 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum friðlýstra minja.

Í samræmi við 19. gr. fyrrnefndra laga leggur Minjastofnun Íslands meðfylgjandi drög að friðlýsingarskilmálum fyrir landeigendur, húseigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Í skilmálunum kemur fram rökstuðningur Minjastofnunar Íslands með friðlýsingartillögunni.

Með vísan til 13. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993, er yður hér með gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við friðlýsingartillöguna og hjálögð drög að friðlýsingarskilmálum. Minjastofnun Íslands væntir svars yðar eigi síðar en 25. september n.k. Hafi athugasemdir ekki borist fyrir þann tíma lítur Minjastofnun Íslands svo á að þér hafið ekki athugasemdir fram að færa við friðlýsingartillöguna.

Virðingarfyllt,
f. h. Minjastofnunar Íslands


Dr. Rúnar Leifsson
forstöðumaður


Pétur H. Ármannsson
sviðsstjóri húsverndarsviðs